RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Brynhildur Jónsdóttir
Kt. 0807692969
Dags. 21.10.2026 11:04:41 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Margrét Björk Ólafsdóttir
Kt. 2310725949
Dags. 21.10.2026 11:04:58 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Bragi Bjarnason
Kt. 2504815359
Dags. 21.10.2026 11:05:28 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Lárus Jónsson
Kt. 2811784079
Dags. 21.10.2026 11:05:45 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Árni Magnússon
Kt. 1908883559
Dags. 21.10.2026 11:06:28 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Rósa Sif Jónsdóttir
Kt. 0206774659
Dags. 21.10.2026 11:08:36 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Kjartan Björnsson
Kt. 0409654599
Dags. 21.10.2026 11:16:50 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Andrés Bertelsen
Kt. 0209755049
Dags. 21.10.2026 11:18:51 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Linda Björk Hilmarsdóttir
Kt. 1607862219
Dags. 21.10.2026 11:26:48 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Sigríður Ósk Harðardóttir
Kt. 2306813849
Dags. 21.10.2026 11:28:40 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Daði Geir Samúelsson
Kt. 1203942749
Dags. 21.10.2026 11:33:50 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Matthías Bjarnason
Kt. 0905003330
Dags. 21.10.2026 11:36:44 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Þórhildur Dröfn Ingvadóttir
Kt. 1205724669
Dags. 21.10.2026 12:27:40 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Birgitta Ragnarsdóttir
Kt. 2204892219
Dags. 21.10.2026 13:09:28 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Ingibjörg Garðarsdóttir
Kt. 0310723289
Dags. 21.10.2026 14:42:01 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Heiðrún Kristmundsdóttir
Kt. 1307922519
Dags. 21.10.2026 16:38:57 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Marta Rut Ólafsdóttir
Kt. 2508912029
Dags. 21.10.2026 17:38:21 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Árni Eiríksson
Kt. 0809664589
Dags. 21.10.2026 20:51:28 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Stefanía Hákonardóttir
Kt. 2808902279
Dags. 21.10.2026 22:33:27 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Sveinn Ægir Birgisson
Kt. 1202983059
Dags. 21.10.2026 23:29:26 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Ellý Tómasdóttir
Kt. 1706892329
Dags. 26.10.2026 12:43:47 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Birgir Marteinsson
Kt. 2212078899
Dags. 26.10.2026 12:48:47 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Grétar Ingi Erlendsson
Kt. 2111832459
Dags. 26.10.2026 15:48:56 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Jón Bjarnason
Kt. 2501932629
Dags. 26.10.2026 16:07:21 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Sigurbjörg Guðmundsdóttir
Kt. 2108022310
Dags. 26.10.2026 17:00:33 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Helgi Kjartansson
Kt. 0211715499
Dags. 27.10.2026 11:48:29 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Ingimar Guðmundsson
Kt. 2108942929
Dags. 27.10.2026 13:25:59 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Haraldur Þór Jónsson
Kt. 2705765089
Dags. 27.10.2026 15:54:52 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Gestur Þór Kristjánsson
Kt. 1611724059
Dags. 27.10.2026 16:07:15 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Guðmundur Stefánsson
Kt. 1702813659
Dags. 27.10.2026 16:11:30 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Berglind Friðriksdóttir
Kt. 2707882389
Dags. 27.10.2026 21:21:19 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

LISTASAFN ÁRNESINGA

Aðalfundur Listasafns Árnesinga bs. haldinn í Tryggvaskála á Selfossi 29. september 2026

Dagskrá aðalfundar (haustfundur)

Aðalfundur Listasafns Árnesinga bs. er haldinn í Tryggvaskála á Selfossi þriðjudaginn 29. september 2026 að viðstöddum undirrituðum fulltrúum. Kristín Scheving, safnstjóri Listasafns Árnesinga bs., og Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir lögmaður sitja einnig fundinn.

1. Fundarsetning (kosning fundarstjóra og fundarritara)

Sigmar Karlsson, formaður stjórnar Listasafns Árnesinga bs., setur fundinn kl. 11:20 og býður fulltrúa velkomna. Lögmæti fundar er kannað og hann staðfestur. Einnig leggur hann til að formaður verði fundarstjóri og Rósa Sif Jónsdóttir verði fundarritari og er það samþykkt samhljóða. Síðan er gengið til dagskrár.

2.Skýrsla stjórnar um starfsemi liðins árs

Kristín kynnir skýrslu stjórnar. Hún kynnir listasafnið sem einkennist af metnaðarfullri sýningardagskrá. Listasafnið er eitt af þrettán listasöfnum á landinu og er gríðarlega vel sótt. Í febrúar voru opnaðar fimm sýningar og í haust voru opnaðar fjórar. Fyrirhugað er að sýningin TENGSL II konur verði sett upp í Vín árið 2027.

Mikið fræðslustarf hefur verið í safninu það sem af er ári og er áætlað að halda því áfram. Fyrirhugað er að bjóða upp á rútuferðir fyrir börn úr héraðinu til að koma á safnið og kynna sér það, það er mikilvægt að kynna safnið fyrir börnum.

Kristín er komin á fullt í skipulagningu næstu þriggja ára en hún er dugleg að sækja um styrki til sýningarhalds.

Dögun Huldist dimmur Skuggi er sýning sem Kristín er að vinna að í samstarfi við Listasafnið í Vestmannaeyjum. Þetta er alþjóðlegt sýningar- og rannsóknarverkefni sem opnar í júlí 2027 og fjallar um Tyrkjaránið sem var fyrir 400 árum. Listamenn frá Íslandi og Alsír koma að þessari sýningu og verður sótt um Evrópustyrki og styrki hérlendis fyrir þetta verkefni.

Alþjóðlegt samstarf er mikið á safninu en bæði er um að ræða listafólk, sýningarstjóra og fagfólk sem vinnur að sýningum, fræðslu og rannsóknum. Þetta er mikilvægt fyrir safnið og styrkir tengslanet þess.
Segir hún frá því að sýningin sem hlaut Íslensku myndlistarverðlaunin árið 2025 var sýning sem var í Listasafni Árnesinga.
Að lokum segir Kristín frá arfi Frosta Fjalars Jónssonar til safnsins en hann gerði Listasafn Árnesinga að einkaerfingja sínum. Um er að ræða mörg þúsund listaverk, íbúð hans, allt innbú, allar bankainnistæður og allt sem honum tilheyrir. Markmið arfleiðslunnar er að halda heiðri Frosta Fjalars sem myndlistamanns á lofti, sjá til þess að arfleifð hans sem myndlistamanns verði varðveitt og henni tryggður verðugur sess í íslenskri listasögu ásamt því að listaverk hans komist í góða varanlega geymslu. Í erfðaskránni koma jafnframt fram þau markmið að verkin skuli öll yfirfarin, flokkuð og skráð og ljósmynduð rafrænt, ásamt því að Listasafnið skuli vinna að útgáfu bókar um hann sem myndlistarmanns með nánar tilteknum hætti þannig að arfleifð hans verði gerð aðgengileg öllum almenningi.

Fundarstjóri gefur orðið laust, enginn tekur til máls.

Skýrsla stjórnar er lögð fram til kynningar.

3. Fundargerðir stjórnar lagðar fram til kynningar
Kristín fer yfir fundargerðir aukaaðalfunda frá 14. apríl og 29. júní og fundargerðir stjórnar frá 8. júní, 5. ágúst og 23. september. Fundargerðir lagðar fram til kynningar.

Fundarstjóri gefur orðið laust til máls tekur auk formanns Árni Eiríksson.

4. Fjárhagsáætlun 2027
Kristín fer yfir fjárhagsáætlun fyrir Listasafn Árnesinga fyrir árið 2027.

Formaður gefur orðið laust, til máls taka auk formanns Andrés Bertelsen og Þórhildur Dröfn Ingvadóttir.

Fjárhagsáætlun Listasafns Árnesinga 2027 er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Bókun vegna breytinga á fjárhagsáætlun fyrir árið 2026 - Viðauki.

Viðauki við fjárhagsáætlun vegna ársins 2026. Framlög sveitarfélaga vegna þakviðgerða lækka um 49 millj. kr. og gjaldaliður einnig. Samtals eru þá þakviðgerðir í fjárhagsáætlun fyrir árið 2026 11 millj. kr.

Er bókunin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

5. Arfur til Listasafns Árnesinga

Sigmar kynnir málefni arfleiðslu Frosta Fjalars Jónssonar til Listasafns Árnesinga. Frosti Fjalar Jónsson, kt. 291236-3169, lést 26. júní 2026. Með erfðaskrá sinni gerði hann Listasafn Árnesinga að einkaerfingja sínum og fól safninu þar með ábyrgð á að varðveita og ráðstafa arfleifð sinni í samræmi við þau markmið og fyrirmæli sem fram koma í erfðaskránni. Um er að ræða mörg þúsund listaverk, íbúð hans, allt innbú, allar bankainnistæður og allt sem honum tilheyrir. Markmið arfleiðslunnar er að halda heiðri Frosta Fjalars sem myndlistamanns á lofti, sjá til þess að arfleifð hans sem myndlistamanns verði varðveitt og henni tryggður verðugur sess í íslenskri listasögu ásamt því að listaverk hans komist í góða varanlega geymslu. Í erfðaskránni koma jafnframt fram þau markmið gjafar að verkin skuli öll yfirfarin, flokkuð og skráð og ljósmynduð rafrænt, ásamt því að Listasafnið skuli vinna að útgáfu bókar um hann sem myndlistarmanns með nánar tilteknum hætti þannig að arfleifð hans verði gerð aðgengileg öllum almenningi.

Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir lögmaður tekur til máls og fer yfir fyrirliggjandi minnisblað hennar vegna málsins, forsögu málsins, stöðu þess og forsendur þess að málið sé tekið fyrir á aðalfundi þessum.

Markmið Frosta Fjalars með gjöfinni sem fram koma í erfðaskránni um flokkun, skráningu og ljósmyndun listaverka, útgáfu bókar o.fl. virðast ekki óyfirstíganleg í framkvæmd. Þeim má þó ætla að fylgi talsverð vinna og kostnaður, en eignir búsins eru taldar nægjanlegar til að standa undir áætluðum kostnaði vegna þessa og er arfleiðslan fallin til þess að efla starfsemi safnsins umtalsvert. Ekki virðist í lögum komið í veg fyrir að safnið geti tekið á móti arfi með slíkum fyrirmælum eða kvöðum, en þó er sérstaklega tilgreint í 3. mgr. 6. gr. samþykkta safnsins að byggðasamlagið megi ekki taka við gjöfum sem fylgi kvaðir umfram þær kvaðir sem séu lögákveðnar nema stjórn og aðalfundur samþykki slíkt. Þörf er þannig á samþykki stjórnar og aðalfundar til að taka megi á móti arfinum með þeim skilyrðum eða kvöðum sem settar eru fram í erfðaskránni í þágu markmiðs arfleiðslunnar. Fyrir liggur fundargerð frá fundi stjórnar Listasafns Árnesinga bs., dagsett 5. ágúst, þar sem samþykkt er af hálfu stjórnar að veita arfinum móttöku undir þessum formerkjum.

Fyrir liggur afstaða Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu þess efnis að ekki sé unnt að færa búið undir einkaskipti skv. ákvæðum laga nr. 20/1991 vegna takmarkana á heimildum til ábyrgða sveitarfélaga skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Í ljósi þeirra takmarkana á heimildum sveitarfélaga og þar með byggðasamlaga, sbr. 6. mgr. 94. gr. sveitarstjórnarlaga, til þess að takast á hendur slíka ábyrgð, er lagt fyrir aðalfund að samþykkja að færa málið í farveg opinberra skipta skv. lögum nr. 20/1991.

Að fengnu samþykki stjórnar og aðalfundar þarf að fylgja málinu eftir gagnvart Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu og óska eftir því að embættið færi málið í farveg opinberra skipta. Jafnframt er talið rétt að óska sérstaklega eftir því við Héraðsdóm Reykjavíkur ef fara á fram á að tiltekinn

aðili verði skipaður skiptastjóri yfir búinu til að tryggja að kostnaði við skiptin verði haldið í lágmarki og að verkefnin sem viðkoma arfinum verði unnin sem mest á vegum safnsins til eflingar á starfsemi þess og innviðum samhliða því að markmið Frosta Fjalar sem liggja arfleiðslunni til grundvallar verði uppfyllt. Dómstólum ber þó ekki skylda til að fylgja slíkri beiðni við skipan skiptastjóra og geta þrátt fyrir óskir byggðasamlagsins úthlutað verkefninu til annars aðila.

Formaður gefur orðið laust. Til máls taka, auk formanns, Andrés Bertelsen, Kristín Scheving og Jón Bjarnason.

Fundurinn samþykkir samhljóða að veita arfi Frosta Fjalars Jónssonar, kt. 291236-3169, móttöku með þeim skilyrðum eða kvöðum sem settar eru fram í erfðaskránni í þágu markmiðs arfleiðslunnar og að færa málefni búsins í farveg opinberra skipta skv. ákvæðum laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. Jafnframt verði óskað eftir því við Héraðsdóm Reykjavíkur að tiltekinn aðili verði skipaður skiptastjóri yfir dánarbúinu með hliðsjón af tillögum stjórnar þar um.

Fundurinn samþykkir samhljóða eftirfarandi bókun vegna málsins:
Fundarmenn vilja nýta tækifærið og votta aðstandendum Frosta Fjalars samúð sína. Samþykkt er að arfurinn verði þeginn enda eru þær óskir sem fylgja arfleiðinni þess eðlis að þær munu nýtast til eflingar faglegu starfi safnsins um ókomna tíð.

6. Önnur mál.

Kristín og Sigmar ræða þakviðgerðir á Safninu.
Búið var að fela verkfræðistofunni Eflu að útbúa útboðsgögn og er búið að fá tilboð í gluggana og er fyrirhugað að fara í að skipta út þakinu sumarið 2027.

Formaður gefur orðið laust, enginn tekur til máls.

Fundi slitið kl. 12:07

Bragi Bjarnason, Sveitarfélagið Árborg
Kjartan Björnsson, Sveitarfélagið Árborg
Brynhildur Jónsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Sveinn Ægir Birgisson, Sveitarfélagið Árborg
Þórhildur Dröfn Ingvadóttir, Sveitarfélagið Árborg
Linda Björk Hilmarsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Sigríður Ósk Harðardóttir, Sveitarfélagið Árborg
Sigurbjörg Guðmundsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Matthías Bjarnason, Sveitarfélagið Árborg

Ellý Tómasdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Margrét Björk Ólafsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Árni Magnússon, Sveitarfélagið Árborg
Heiðrún Kristmundsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Birgir Marteinsson, Sveitarfélagið Árborg
Haraldur Þór Jónsson, Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Jón Bjarnason, Hrunamannahreppur
Daði Geir Samúelsson, Hrunamannahreppur
Helgi Kjartansson, Bláskógabyggð
Stefanía Hákonardóttir, Bláskógarbyggð
Guðmundur Finnbogason, Grímsnes- og Grafningshreppur
Andrés Bertelsen, Grímsnes- og Grafningshreppur
Árni Eiríksson, Flóahreppur
Ingimar Guðmundsson, Hveragerðisbær
Lárus Jónsson, Hveragerðisbær
Marta Rut Ólafsdóttir, Hveragerðisbær
Birgitta Ragnarsdóttir, Hveragerðisbær
Grétar Ingi Erlendsson, Sveitarfélagið Ölfus
Gestur Þór Kristjánsson, Sveitarfélagið Ölfus
Berglind Friðriksdóttir, Sveitarfélagið Ölfus
Ingibjörg Garðarsdóttir, fjárhaldsmaður
Rósa Sif Jónsdóttir, ritari